

**Mættir: Sigmundur, Valgeir, Ólafur, Snær, Svana og Sabína**

- 1. Fundargerð 776 lesin upp og samþykkt**
- 2. Aðsent efni**

**Svar frá Norræna menningarmálasjóðnum**

- Styrkur upp á 800,000 vegna HM í glímu.

**Bréf frá ÍSÍ vegna nýrra lyfjareglna**

**Bréf frá ÍSÍ fundarboð íþróttarþings 2009**

- Sama helgi (17.-18.apríl) og Íslandsglíman.

**Bréf frá FILA**

**University Sports magazine**

**3. Fegurðarverðlaun**

- Málið rætt og samþykkt að veita fegurðarverðlaun á Íslandsglímu á undan aðalverðlaunum einnig rætt að veglegur verðlaunagripur verði í fyrsta sinn veittur í kvennaflokki.

**4. Glímubelti**

- Ákveðið hefur verið að kaupa að því minnst 5-15 beltí.

**5. Bílakaup (bifreiðargjöld 10.000)**

- Keyptur var bíll á 250,000 kr. Fyrir valinu varð Subaru Forrester.

**6. Glímuþing 2009**

- Þingið fer fram 13. Mars í Laugum í Sælingsdal kl 20:00. Haldið samsíða þriðja meistaramóti.
- Gisting og matur í ath.

- Taka skal fram að gögn varðandi glímuþing skuli berast eigi síðar en 21 degi fyrir þing.

## **7. Glímukynningar**

- Ólafur hefur kynnt glímu víðsvegar í skólum landsins, þó aðallega á höfuðborgarsvæðinu.
- Kynningarnar heppnuðust afar vel að hans sögn og áhugi mikill.

## **8. Íslandsglíman 2009**

- Undirbúningur í fullum gangi.
- Listi kominn yfir heiðursgesti sem eru alls 53 en eflaust á eftir að bætast í hópinn.
- Rætt var um hugsanlegar heiðranir.

## **9. Önnur mál**

- Uppbygging glímunnar í Reykjavík.
- Ákveðið hefur verið að bæta ástand glímunnar á höfuðborgarsvæðinu og munu verða lögð drög að því vonandi fyrir næsta sumar.

## **10. Næsti fundur ákveðin og fundi slitið**

- Næsti fundur verður haldinn þann 18. Febrúar kl 19:00.
- Og fundi slitið kl 20:45

Snær Seljan Þóroddsson